

í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, Pétri Jakobssyni, er hefir mætt, 20 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. apríl 1931.

Nr. 111/1930: **Hansína Inga Pétursdóttir** (sjálf)

gegn

skiptaráðandanum í Reykjavík og hæstaréttarmálaflutningsmanni Lárusi Fjeldsted fyrir eigin hönd og vegna firmans Köbenhavns Sadelmagermagasin (Lárus Fjeldsted).

Skiptaréttarúrskurður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 24. ág. 1929. Þú frú Ingu L. Gíslason, eiganda Hattaverzlunarinnar á Klapparstíg 37, skal tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, fyrir hönd Köbenhavns Sadelmagermagasin, er taldi sig eiga víxilkröfu á hendur áfrýjanda, frú Hansínu Ingu Pétursdóttur, kvað skiptarráðandi Reykjavíkur hinn 24. ágúst 1929 upp þann úrskurð, að þú hennar skyldi tekið til skiptameðferðar sem þrotabú.

Þessum úrskurði skaut áfrýjandi til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 12. júní f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 6. s. m.

Þessu máli var vísað frá hæstarétti með dómi

réttarins 20. dezbr. f. á., en því hefir nú á ný verið skotið til réttarins með stefnu, útgefinni 23 s. m., en með því að hinn stefndi skiptaráðandi hefir eigi mætt eða látið mæta í hæstarétti, hefir málið verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Áfrýjandi, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að allar athafnir, réttargerðir og annað, sem á honum sé byggt, verði ómerkt, og loks að stefndi, Lárus Fjeldsted, verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti. Byggir áfrýjandi þessa kröfu sína á því, að víxilkrafa sú, er gaf tilefni til úrskurðarins, sé sér með öllu óviðkomandi.

Umræddur víxill, að upphæð danskar kr. 2415,31, er að vísu stýlaður á hendur Birni Gíslasyni, Klapparstig 37, Reykjavík, en ekki á hendur áfrýjanda sjálfri, er rak hattaverzlun á Klapparstig 37, en Björn hefir samþykkt víxil þennan fyrir hönd verzlunarinnar, þar sem hann hefir sett á framhlið víxilsins fyrir ofan nafn sitt með stimpli „Hattaverzlunin Klapparstig 37, Reykjavík“, og síðan sett nafn sitt undir, og þar með ótvírætt gefið til kynna, að hattaverzlunin væri hinn eiginlegi samþykkjandi.

Víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls hinn 20. júní 1929, og við löghaldsgerð, er framkvæmd var hjá hattaverzluninni Klapparstig 37 til tryggingar víxilskuldinni hinn 9. ág. s. á., mætti nefndur Björn Gíslason, er taldi sig framkvæmdarstjóra verzlunarinnar. Hreyfði hann þá engum mótmælum gegn réttmæti skuldarinnar, en lýsti því yfir, að eigandi verzlunarinnar, áfrýjandi þessa máls, ætti alls engar eignir, sem hægt væri að benda á til að leggja löghald á til tryggingar skuldinni. Krafðist

þá stefndi, Lárus Fjeldsted, f. h. skuldareiganda, Köbenhavns Saddelmagermagasin, með bréfi til skiptaráðanda Reykjavíkur, dags. 22. ág. 1929, að bú hennar væri tekið til gjaldþrotaskipta. Er málið því næst var tekið fyrir í skiptaréttinum hinn 24. s. m., mætti áfrýjandi sjálf og hreyfði engum mótmælum gegn réttmæti kröfunnar, en kvaðst hins vegar engar eignir hafa til að greiða hana, og kvað skiptaráðandi þá samstundis upp hinn áfrýjanda úrskurð um að bú hennar skyldi tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Auk þess, að áfrýjandi þannig í skiptaréttinum hreyfði engum mótmælum gegn réttmæti víxilkröfunnar, hefir hún í lögreglurétti Reykjavíkur, í rannsókn, er hafin var gegn henni og nefndum Birni Gíslasyni, hinn 29. ág. 1929, kannast við það, að hafa fengið Birni Gíslasyni stimpil verzlunarinnar og gefið honum munnlega heimild til að skuldbinda verzlunina að svo miklu leyti sem hann gerði verzlun í nafni Hattaverzlunarinnar fyrir hennar hönd, og í réttarhaldi 18. okt. s. á., viðurkenndi hún að Björn Gíslason, er ásamt henni var stofnandi verzlunarinnar, hafi haft umboð til að samþykkja víxla fyrir Hattaverzlunina eftir því sem hann áleti nauðsynlegt.

Með öllu þessu er það nægilega sannað, að áfrýjandi var réttilega krafinn um umgetna víxilskuld og var skyld til að greiða hana, og þar sem greiðsla fékkst eigi og það var sannað með árangurslausri löghaldsgerð og játningu áfrýjanda að hún átti ekki eignir til greiðslu hennar, þá var samkvæmt 3. málsgr. 1. gr. í lögum nr. 25, 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti heimild til að taka bú hennar til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Það ber því samkvæmt kröfu stefnda, Lárusar Fjeldsted, að staðfesta hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð og dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, er á ákveðst 250 kr., en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða skiptaréttarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Hansína Inga Pétursdóttir, greiði stefnda, hæstaréttarmálaflutningsmanni Lárusi Fjeldsted, 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að beiðni er fram komin frá einum lánardrottni um það, að bú frú Ingu L. Gíslason, eiganda Hattaverzlunarinnar Klapparstíg 37, verði tekið til skiptameðferðar, sem gjaldþrota og sannað er með framlögðum skjölum og eigin játningu skuldunauts, að hún eigi ekki eignir til að greiða umkrafða skuld, og þar sem lánardrottinn, gerðarbeiðandi, hefir ábyrgzt kostnað við skiptameðferðina, ber að taka kröfu hans til greina.

Þriðjudaginn 14. apríl 1931.

Nr. 54/1930. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Wilhelm Buchholz (Jón Ásbjörnsson).

Sýknun.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja
19. apríl 1930: Kærði, Wilhelm Buchholz, á innan